Firmnatilkynningar. 157

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1915:

I. Reykjavík.

1. Jeg Hallgrímur Benediktsson kaupmaður í Reykjavík gef hjermeð herra Hallgrími A. Tulinius umboð sem prókúrista fyrir verslun mína, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. H. Benediktsson
H. A. Tulinius.

Reykjavík, 2. janúar 1915.

2. Hjermeð tilkynnist, að jeg Jón Brynjólfsson, kaupmaður í Reykjavík, hefi frá 1. þ. m. veitt herra Björgólfi Stefánssyni prókúruumboð fyrir verslun mína, og undirritar hann þannig:

p. pr. Jón Brynjólfsson
B. Stefánsson.

Reykjavík, 11. janúar 1915.
Jón Brynjólfsson.

3. Oscar Clausen verslunarfulltrúi frá Stykkishólmi tilkynnir, að hann reki verslun í Reykjavík undir firmanafninu *Clausensbræður;* hann ritar firmað þannig:

Clausensbræður
Oscar Clausen.

Prókúru hefir Herluf Clausen; hann ritar firmað þannig:

p. p. Clausensbræður
Herluf Clausen.

p. t. Reykjavík, 21. jan. 1915.
Oscar Clausen.

4. Undir firma h./f. Alliance, er rekið fiskiveiðafjelag í Reykjavík af hlutafjelagi með lögum, dags. 8. júlí 1914. Í stjórn fjelagsins eru 3 menn, og eru þeir: Magnús Magnússon skipstjóri, formaður, Halldór Kr. Þorsteinsson skipstjóri og Jón Ólafsson skipstjóri, meðstjórnendur. Auk þess er varamaður í stjórninni kaupmaður Gunnar Gunnarsson. Formaður og einhver annar úr stjórninni

157 rita firmað. Prókúru hefir Magnús Magnússon skipstjóri. Hlutafjeð er 202 þús. krónur, skift í 202 hluti á 1 þús. kr. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Hlutafjeð er greitt að fullu. Tilkynningar skulu birtar í fjöllesnu blaði í Reykjavík.

H./f. Alliance.
Magnús Magnússon.
H. Kr. Þorsteinsson.
Jón Ólafsson.

5. Fiskiveiðahlutafjelagið »Njörður« tilkynnir, að á aðalfundi fjelagsins var Þorgeir Pálsson sjómaður kosinn í sjórn fjelagsins í stað Eliasar Stefánssonar útgjörðarmanns, og er greindur Þorgeir Pálsson einnig kosinn formaður fjelagsins. Að öðru leyti er stjórn fjelagsins óbreytt.

6. Formaður fiskiveiðahlutafjelagsins »Njörður« hjer í bænum tilkynnir, að á aðalfundi fjelagsins hafi *auk sín* verið kosnir í stjórnina þeir: Finnur Finnsson skipstjóri og Jóhann Þorsteinsson, pastor emer.

7. Hlutafjelagið »Jan Mayen« rekur atvinnu í Reykjavík með því að leigja skip og með því að sækja trjávið, dún o. fl. til »Jan Mayen« og hagnýta sjer hjer. Lög fjelagsins eru dags. 24. mars 1915.

Í stjórn fjelagsins eru þrír menn, og eru þeir þessir:
Emil Strand, framkvæmdarstjóri og formaður,
O. Forberg landssímastjóri, fjehirðir, og
Emil Rokstad, varaformaður,
allir til heimilis í Reykjavík. Auk þess er varamaður í stjórninni, O. Ellingsen slippstjóri í Reykjavík.

Framkvæmdarstjóri (í forföllum hans varaformaður) og einn fjelagsstjóri skuldbinda fjelagið. Hlutafjeð er 6 þúsund krónur, skift í 12 hluti á 500 krónur. Hlutabrjefin hljóða á nafn, og má innheimta það þannig: 25% fyrir 31. mars, 25% fyrir 15. apríl og 50% fyrir 10. maí 1915.

Reykjavík, 30. mars 1915.

Emil Strand. Emil Rokstað. O. Forberg.

8. Undirrituð stjórn »Bifreiðafjelags Reykjavíkur« lætur eigi hjá líða að tilkynna, að hlutafjelagið samkvæmt lögmætri fundarsamþykt er uppleyst og að öllu hætt af starfa. —

H/f. Bifreiðafjelag Reykjavíkur.

A. V. Tulinius. Jón Laxdal. V. Eyjólfsson.

9. Árni Einarssson klæðskeri, Vesturgötu 53 b, og Bjarni Bjarnason klæð- **157**
skeri, Amtmannsstíg 4, báðir hjer í bænum, reka klæðaverslun í Reykjavík, með firmanafninu: »Árni og Bjarni« með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmað rita þeir þannig, hvor um sig.

Bjarni Bjarnason skrifar firmað þannig:

»Árni & Bjarni«.
Bj. Bjarnason.

Árni Einarsson skrifar firmað þannig:

»Árni & Bjarni«.
Árni Einarsson.

10. Undirritaðir leyfa sjer hjermeð að tilkynna, að á síðasta aðalfundi hlutafjel. »Völundur«, er haldinn var 13. mars þ. á., var Sveinn Jónsson trjesmiður endurkosinn í stjórn fjelagsins. Í varastjórn voru kosnir: Helgi Thordersen trjesmíðameistari og Guðm. Ásbjörnsson trjesmiður. Framkvæmdarstjóri fjelagsins Sveinn M. Sveinsson hefir prókúruumboð fyrir fjelagið, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Hlutafjelagið »Völundur«
Sv. M. Sveinsson.
Reykjavík, 6. maí 1915.
Í stjórn hlutafjelagsins »Völundur«
Hjörtur Hjartarson.
Sigurjón Sigurðsson.
Sveinn Jónsson.

11. Frú Guðrún Benediktsdóttir og Kristjana Blöndahl reka verslun í Reykjavík sem fullábyrgir fjelagar undir firmanafninu »Gullfoss«, og rita þær hvor um sig firmað þannig:

»Verslunin Gullfoss«.
Guðrún Benediktsdóttir.
»Verslunin Gullfoss«.
Kristjana Blöndahl.

12. Guðm. Davíðsson, Frakkastíg 12, og Jörundur Brynjólfsson, Nýlendugötu 23, reka bóka- og ritfangaverslun í Reykjavík með firmanafninu »Bókabúðin«, báðir með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita þeir firmað þannig:

»Bókabúðin«.
pr. Guðm. Davíðsson & J. Brynjólfsson.
Guðm. Davíðsson.
»Bókabúðin«.
pr. Guðm. Davíðsson & J. Brynjólfsson.
Jörundur Brynjólfsson.

157 13. Það tilkynnist hjermeð til firmnaskrár Reykjavíkur, að jeg undirrituð hefi keypt verslun frú Augustu Svendsen, og rita jeg firmað þannig:

Verslun Augustu Svendsen
Sigríður Björnsdóttir.

14. Jón Guðmundsson, sjómaður frá Hjörsey, Jón Hjartarson verslunarmaður í Reykjavík og Sveinn Hjartarson bakari sama staðar tilkynna, að þeir reki í fjelagi verslun í Reykjavík með firmanafninu »Jón Hjartarson & Co.«, allir með ótakmarkaðri ábyrgð. Rjett til að rita firmað hefir aðeins Jón Hjartarson.

Hann ritar firmað þannig:

Jón Hjartarson & Co.
Reykjavík, 17. apríl 1915.
Jón Hjartarson. Sveinn Hjartarson.
Jón Guðmundsson.

15. Jeg undirritaður Jes Zimsen, kaupmaður í Reykjavík, tilkynni hjermeð til verslunarskrárinnar, að jeg hefi veitt herra verslunarmanni Helga Helgasyni prókúruumboð fyrir verslun mína í Reykjavík.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. verslun Jes Zimsen
Helgi Helgason.
Reykjavík, 28. júní 1915.
Jes Zimsen.

16. Á aðalfundi h./f. Alliance í Reykjavík 27. maí þ. á. voru þessir kosnir í stjórn fjelagsins: Jón Ólafsson skipstjóri, formaður, meðstjórnandi Jón Sigurðsson skipstjóri, og til vara Magnús Magnússon kennari.

17. Jeg undirritaður tilkynni hjermeð, að jeg, sem rek hjer á landi atvinnu sem umboðsmaður ýmsra vátryggingarfjelaga með aðalskrifstofu í Reykjavík, hefi gefið hr. Carl Finsen, Reykjavík, prókúruumboð fyrir nefndan atvinnurekstur minn.

Reykjavík, þ. 7. júlí 1915.
Carl Trolle.

Hr. Carl Finsen ritar firmað þannig:

pr. pro. Capt. Carl Trolle
Carl Finsen.

18. Undir firmanafninu »Fiskiveiðafjelagið Defensor« reka þeir Geo. Copland kaupmaður, Jóel Jónsson skipstjóri, Magnús Magnússon stýrimannaskóla-

kennari og Matthías Þórðarson Fiskifjelagsráðunautur með ótakmarkaðri ábyrgð **157**
fiskiveiðar frá Reykjavík með botnvörpuskipi.

Magnús Magnússon er formaður og hefir prókúru. Meðstjórnendur Geo. Copland og Jóel Jónsson.

Formaður og annar meðstjórnandinn rita firmað.

Prókúruhafinn ritar þannig:

p. p. fiskiveiðafjelagið Defensor
M. Magnússon.

Reykjavík, 30. júlí 1915.

M. Magnússon. Matth. Þórðarson. Geo. Copland.
Jóel Jónsson. Jón Ólafsson.

19. Firmað Reykjavíkur-Bankinn, hlutafjelag, er hætt.

Reykjavíkur-Bankinn H/f.
D. Thomsen. Árni Sighvatsson.

20. Auk þeirra, sem áður eru auglýstir að kosnir hafi verið í stjórn h./f. Alliance í Reykjavík þ. 27. maí þ. á., var Gunnar kaupmaður Gunnarsson kosinn varaformaður. Þetta leiðrjettist hjermeð.

21. Under Firma Aktieselskabet Islands Salt og kemiske Fabriker drives Fabrikation og Handelsvirksomhed samt Minedrift og lign. af et Aktieselskab, hvis Vedtægter er af 13. Juli 1915, og hvis Bestyrelse bestaar af et Bestyrelsesraad f. T. Páll Júlíus Torfason, Povel Georg Utzon Buch og Christian Grauballe, samt af den administrerende Direktör Einar Lütken. Firmaet tegnes af den adm. Direktör alene eller af 3 af Bestyrelsesraadets Medlemmer i Forening. Prokura meddeles Hr. Kaptajn Otto Wilhelm Lütken. Kapitalen andrager Kr. 40,000, fordelte i Aktier à 500 Kr., hvilke lyde paa Ihændehaveren, men kunne transporteres paa Navn og er fuldt indbetalt. Bekendtgörelser til Medlemmerne sker i Auglýsingabladet i Reykjavik og Berlingske Tidende i Köbenhavn.

Köbenhavn, 24. Júli 1915.

P. J. Torfason. P. Buch.
Christian Grauballe. E. Lütken.

22. Hjermeð leyfi jeg mjer að tilkynna, að sú breyting hefir orðið á stjórnarnefnd »Sláturfjelags Suðurlands«, að síra Eggert Pálsson Breiðabólsstað og Þórður bóndi Guðmundsson á Hala, hafa gengið úr fjelagsstjórninni. Í þeirra stað voru kosnir bændurnir Guðjón Jónsson í Ási og Jónas Árnason á Reynifelli.

pr. pro. Sláturfjelag Suðurlands.
H. Thorarensen.

157 23. Undirritaður eigandi firmans Reykjavík Pölse og Konservesfabrik samt Exportslagteri, Reykjavík, tilkynni hjermeð til verslunarskrár Reykjavíkur, að herra slátrari E. Milner, Reykjavík, er farinn frá firmanu og upphefst því hjermeð prókúruumboð hans.

M. F. Frederiksen.

24. Fiskiveiðahlutafjelagið Eggert Ólafsson rekur fiskiveiðar frá Reykjavík undir firmanafninu »Fjskiveiðahlutafjelagið Eggert Ólafsson«. Lög fjelagsins eru samþykt 31. jan. 1913. Lögheimili fjelagsins og skrifstofa eru í Reykjavík. Hlutafjeð er 70000,00 krónur, og skiftist í 10 hluti á 7000 krónur hvern. Hlutabrjefin hljóða á nafn og hlutafjeð er greitt að fullu. Auglýsingar til fjelagsmanna eru eigi birtar í blöðunum. Í stjórn fjelagsins eru: Elías Stefánsson framkvæmdarstjóri, Magnús Einarsson dýralæknir, báðir í Reykjavík og Þórður Edilonsson í Hafnarfirði.

Elías Stefánsson er formaður. Formaður sjer um atvinnurekstur fjelagsins og ritar firmað sem prókúruhafi með venjulegu valdssviði.

Stjórnin ritar firmað þannig:
pr. h./f. Eggert Ólafsson.
Elías Stefánsson. Þ. Edilonsson.
Magnús Einarsson.
Prókúruhafinn ritar þannig:
pr. Fiskiveiðahlutafjelagið Eggert Ólafsson.
Elías Stefánsson.

25. Fiskiveiðahlutafjelagið »Ísland« er stofnað 22. okt. 1906 og rekur fiskiveiðar. Lögheimili Reykjavík. Hlutafjeð er nú 106000 kr., hver hlutur 1000 kr., sem hljóðar upp á nafn. Hlutafjeð er alt innborgað. Stjórnin getur aukið hlutafjeð upp í 120000 krónur. Í stjórn fjelagsins eru 3 hluthafar, nú Jes Zimsen kaupm., formaður, Pjetur Jónsson kaupm. og Hjalti Jónsson skipstjóri, allir til heimilis í Reykjavík. Ennfremur er einn til vara, nú Sigurður Jónsson útvegsbóndi í Görðunum við Reykjavík. Jes Zimsen hefir prókúru, en að öðru leyti ritar meiri hluti stjórnarinnar firmað. Fundir auglýstir með tveggja vikna fyrirvara í blaði því er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:
p. p. Fiskiveiðahlutafjelagið Ísland.
Jes Zimsen.
Fiskiveiðahlutafjelagið Ísland
Jes Zimsen. Hjalti Jónsson.

26 Ekkjufru Anna Margrethe Höepfner, fædd Petersen, og Aage Berléme, bæði til heimilis í Kaupmannahöfn, reka verslun í Reykjavík á Íslandi undir

firmanafninu »Carl Höepfner«. Þau hafa bæði ótakmarkaða ábyrgð á skuldum **157**
verslunarinnar, og rita hvort um sig firmað. Prókúru hefir Arthur Sörensen kaupmaður og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Carl Höepfner
Arthur Sörensen.

Frú Anna Margrethe Höepfner ritar:
Carl Höepfner.
Hr. Aage Berléme ritar:
Carl Höepfner.
Kaupmannahöfn, 6. okt. 1915.
Anna Höepfner. Aage Berléme.

27. Stjórn hlutafjelagsins »Bifreiðarfjelag Reykjavíkur 1915« tilkynnir, að greint hlutafjelag ætlar að reka bifreiðaakstur sem atvinnu. Lög fjelagsins eru samþykt 21. ágúst 1915. Hlutafjeð er 7000 krónur, sem skiftist í jafna hluti, sem hljóða á nafn, og er hver hlutur 250 krónur, og er það alt innborgað. Í stjórn eru: A. V. Tulinius yfirdómslögmaður, Jón Laxdal kaupmaður og Brynjólfur Björnsson tannlæknir. Öll stjórnin ritar firmað.

Reykjavík, 18. septbr. 1915.
A. V. Tulinius. Br. Björnsson.
Jón Laxdal.

Stjórnin ritar firmað þannig:
h/f. Bifreiðarfjelag Reykjavíkur 1915.
A. V. Tulinius. Jón Laxdal.
Br. Björnsson.

28. Nafn fjelagsins er: »Hlutafjelagið Nýja Iðunn«. Lög fjelagsins samþykt 25. febr. 1915. Rekur klæðagjörð og tóvinnu. Stjórnin er skipuð 3 hluthöfum: Garðari Gíslasyni kaupmanni, (formaður), Sig. Thoroddsen, adjunkt (gjaldkeri og skrifari) og Magnúsi Benjamínssyni úrsmið. Undirskrift formanns og annars stjórnanda er skuldbindandi fyrir fjelagið gagnvart öðrum. Hlutafjeð er 50000 krónur, sem skiftist í 500 kr. og 100 kr. hluti. Af hlutafjenu er 25000 kr. forrjettindahlutir og 25000 kr. almennir hlutir. Stjórnin má auka forrjettindahlutafjeð upp í alt að 45000 kr. Hlutirnir hljóða upp á nafn. Af forrjettindahlutum eru innborgaðar 23000 kr., af almennum hlutum 2000 kr. Það sem eftir stendur, fellur til greiðslu á þessu ári. Framkvæmdarstjóri er Árni Sveinsson kaupmaður og hefir hann prókúru. Til fjelagsfunda skal boða með ábyrgðarbrjefi til hvers hluthafa. Hluthafar bera tiltölulega ábyrgð (miðaða við íhlut þeirra í

157 fjelaginu) á viðlagasjóðsláni að upphæð 35000 kr., sem hvílir á verksmiðjunni.
Stjórnin ritar firmað þannig:
Stjórn h/f. Nýja Iðunn.
Garðar Gíslason. Sig. Thoroddsen.
Magnús Benjamínsson.
Prókúrhafinn ritar þannig:
pr. pr. h/f. Nýja Iðunn.
Árni Sveinsson.

29. Guðmundur kaupm. Ásbjarnarson og Sigurbjörn verslunarmaður Þorkelsson, báðir hjer í bænum, reka verslun hjer á staðnum með ótakmarkaðri ábyrgð, með firmanafninu »Vísir«. -- Hvor um sig ritar firmað þannig:
Verslunin »Vísir«.
Guðm. Ásbjörnsson.
Verslunin »Vísir«.
Sigurbjörn Þorkelsson.

30. George Copland kaupmaður, Hjalti Jónsson skipstjóri og Guðm. Olsen kaupmaður, allir í Reykjavík tilkynna, að hlutafjelagið »Kol og salt« reki verzlun með kol og salt. Lög fjelagsins eru dagsett 22. nóv. 1915. Í stjórn fjelagsins eru: George Copland, Hjalti Jónsson og Guðm. Ólsen. Formaður er George Copland, en varaformaður Hjalti Jónsson. Varastjórnandi er Jón Ólafsson skipstjóri í Reykjavík. Undirskriftir formanns og annars stjórnanda eru nægilegar til að skuldbinda fjelagið. Ólafur J. Briem er framkvæmdarstjóri fjelagsins, með sama valdsviði sem prókúruhafi og hefir hann prókúruumboð fyrir fjelagið. Hlutafjeð er 176 þús. kr., er skiftist í 1000 kr., 2000 kr. 5000 kr. hluti, sem hljóða á nafn. Hlutafjeð greiðist þegar stjórnin krefst þess. Fjelagsfundi skal birta í Lögbirtingablaðinu og í tveim dagblöðum í Reykjavík, ef til eru.
George Copland og Hjalti Jónsson rita firmað þannig:
h./f. Kol og salt
Geo. Copland. Hjalti Jónsson.
George Copland og Guðm. Ólsen rita firmað þannig:
h./f. Kol og salt
Geo. Copland. G. Ólsen.
Ólafur J. Briem ritar firmað þannig:
p. pr. h./f. Kol og salt
Ólafur Briem.
Reykjavík, 9. desember 1915.
Geo. Copland. Hjalti Jónsson.
G. Ólsen.

31. Hlutafjelagið Clements & Co. í Reykjavík var stofnað 2. nóv. 1915. **157**
Tilgangur fjelagsins er að reka verslun, sjerstaklega með vjelar og alt þeim tilheyrandi.

Stofnfje fjelagsins er 5000 kr, er skiftist í 25 hluti að upphæð 200 kr. hvern, þar af er innborgað kr. 4400. — Það sem óborgað er, borgast þegar stjórnin krefst þess.

Stjórn fjelagsins er skipuð 3 hluthöfum, formanni, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri og tveim meðstjórnendum. Í stjórn fjelagsins voru kosnir þeir Þorkell Þ. Clements vjelfræðingur, Þorv. Þorvarðarson prentsmiðjustjóri og Gunnar Sigurðsson frá Selalæk meðstjórnendur.

Heimild til að rita firmað hefir formaður einn, og ritar hann það þannig:

Clements & Co.
Þ. Þ. Clements.

Reykjavík 6. dag desember 1915.
Þorkell Þ. Clements.
Gunnar Sigurðsson
frá Selalæk.
Þorvarður Þorvarðarson.

II. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

Carl Friðrik Proppé, Jón Adolph Proppé, Anton Vilhelm Proppé, Ólafur Jóhann Proppé og Jóhannes Harald Proppé reka allskonar verslun, útgjörð o. fl. á Sandi, Ólafsvík og Þingeyri, undir firmanafninu »Bræðurnir Proppé«.

Undirskrift hvers um sig er bindandi fyrir fjelagið.

Prókúru fyrir verslunina á Sandi hefir Valdemar Ármannsson.

III. Barðastrandarsýsla.

Fiskiveiðahlutafjelagið »Draupnir« rekur fiskiveiðar á Bíldudal í Barðastrandarsýslu.

Í stjórn fjelagsins eru: Jón Benediktsson, Þorbjörn Þórðarson og Bent Bjarnason, og til til vara: Hannes B. Stephensen, Ásb. Júl. Nikulásson og Samúel Pálsson. —

Lög fjelagsins eru dagsett 26. jan. 1915. Hlutafjeð er 8200 kr., en má hækka upp í 10000 kr., og skiftist í 100 kr. og 25 kr. hluti, er hljóða upp á nafn, og er alt hlutafjeð innborgað að fullu. Birtingar til fjelagsmanna skal fara

157 með sem vanalegar hreppsauglýsingar á Bíldudal. Rjett til að rita firmað hefir stjórnin í heild sinni, og ritar hún firmað þannig:

pr. H/f. Draupnir.

Jón Benediktsson, formaður. Þorb. Þórðarson, gjaldkeri.

Bent Bjarnason, ritari.

IV. Ísafjarðarsýsla.

Guðm. J. Sigurðsson & Co. tilkynnir, að úr firmanu sje farið A/s N. Chr. Grams Handel, en í stað þess sje komið: Bræðurnir Proppé.

V. Skagafjarðarsýsla.

H/f. »Sláturfjelag Skagfirðinga« tilkynnir, að það reki verslun með sláturfjárafurðir á Sauðárkrók. Lög fjelagsins eru dags. 15. maí 1915. Hlutafjeð er 2300 kr., alt innborgað. Hlutabrjefin hljóða á nafn, og eru að upphæð 10, 20, 30, 40 og 50 kr. Tilkynningar til fjelagsmanna skulu birtar brjeflega. Í stjórn fjelagsins eru nú: Arnór Árnason, prestur í Hvammi, formaður, Albert Kristjánsson, oddviti á Pávastöðum, ritari, og Steindór Jónsson, trjesmiður á Sauðárkrók, gjaldkeri. Gjaldkeri hefir heimild til að rita firmað.

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu,
17. maí 1915.
M. Guðmundsson.

VI. Norður-Múlasýsla.

1. Hlutafjelagið »De forenede Islandsforretninger« (Hinar sameinuðu íslensku verslanir) er myndað af verslunum Gránufjelagsins og af verslunum Thor E. Tulinius's, sem það heldur áfram, og rekur þannig verslun og fiskiveiðar á Oddeyri við Eyjafjörð, á Siglufirði, á Haganesvík, á Grafarósi, á Sauðárkróki; og á Austfjörðum á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Seyðisfirði (Vestdalseyri) og Borgarfirði. — Samþyktir fjelagsins eru dags. h. 18. september 1912. — Heimili fjelagsins og aðalskrifstofa þess er í Kaupmannahöfn. Í samþyktum

fjelagsins er hlutafjárupphæðin talin krónur 430000,00, en jafnframt er stjórninni 157
heimilað, að hækka þessa upphæð upp í kr. 500000,00, og samkvæmt þessari heimild er hlutafjeð nú krónur 500000,00, alt innborgað. — Upphæð hlutabrjefanna, sem stíluð eru á nafn, er kr. 1000,00. — Auglýsingar til hluthafa verða birtar í Berlinga-tíðindum, eða í handföldum brjefum til hluthafa. — Í stjórn fjelagsins eru stórkaupmaður F. Holme., ísl. kaupmaður Thor E. Tulinius og stórkaupmaður Hans H. Sthyr, allir í Kaupmannahöfn. — Auk stjórnarinnar eru þrír framkvæmdarstjórar, S. O. Larsen í Kaupmannahöfn, og konsúlarnir Otto Tulinius á Akureyri og J. C. F. Arnesen á Eskifirði. — Fjelagið rita tveir úr stjórninni í sameiningu, eða einn úr stjórninni og samkvæmt prókúru einn framkvæmdarstjóranna í sameiningu. Prókúru hefir nú S. O. Larsen.

2. Sigurður Arngrímsson veitingamaður, Hermann Þorsteinsson skósmiður og Indriði Helgason rafmagnsfræðingur, allir hjer í bænum, reka umboðs- og heildsöluverslun á Seyðisfirði með firmanafninu S. Arngrímsson, Thorsteinsson & Co., með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita þeir hver um sig:

S. Arngrímsson, Thorsteinsson & Co.
S. Arngrímsson.
S. Arngrímsson, Thorsteinsson & Co.
Herm. Þorsteinsson.
S. Arngrímsson, Thorsteinsson & Co.
Indriði Helgason.

VII. Suður-Múlasýsla.

Hlutafjelagið »De forenede Islandsforretninger« (Hinar sameinuðu íslensku verslanir) er myndað af verslunum Gránufjelagsins og af verslunum Thor E. Tulinius's, sem það heldur áfram, og rekur þannig verslun og fiskiveiðar á Oddeyri við Eyjafjörð, á Siglufirði, á Haganesvík, á Grafarósi, á Sauðárkróki; og á Austfjörðum á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Seyðisfirði og Borgarfirði. — Samþyktir fjelagsins eru dags. h. 18. september 1912. — Heimili fjelagsins og aðalskrifstofa þess er í Kaupmannahöfn. Í samþyktum fjelagsins er hlutafjárupphæðin talin krónur 430000,00, en jafnframt er stjórninni heimilað, að hækka þessa upphæð upp í krónur 500000,00, og samkvæmt þessari heimild er hlutafjeð nú kr. 500000,00, alt innborgað. — Upphæð hlutabrjefanna, sem stíluð eru á nafn, er kr. 1000,00. — Auglýsingar til hluthafa verða birtar í Berlinga-tíðindum, eða í handföldum brjefum til hluthafa. — Í stjórn fjelagsins eru stórkaupmaður F. Holme, ísl. kaupmaður Thor E. Tulinius og stórkaupmaður Hans H. Sthyr, allir í Kaupmannahöfn. — Auk stjórnarinnar eru þrír framkvæmdarstjórar, S. O. Larsen í Kaupmannahöfn, og konsúlarnir Otto Tulinius á Akureyri og

157 J. C. F. Arnesen á Eskifirði. — Fjelagið rita tveir úr stjórninni í sameiningu, eða einn úr stjórninni og samkvæmt prókúru einn framkvæmdarstjóranna í sameiningu. Prókúru hefir nú S. O. Larsen.

VIII. Vestmannaeyjasýsla.

Pjetur J. Thorsteinsson, kaupmaður í Reykjavík, Jóhann Þ. Jósefsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum og Gunnar Ólafsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, tilkynna, að Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður í Reykjavík sje genginn úr Verslunarfjelaginu Gunnar Ólafsson & Co. í Vestmannaeyjum.

IX. Arnessýsla.

Eyjólfur Guðmundsson, fyrir hönd firmans kaupfjelagið »Ingólfur« h/f., tilkynnir, að í gær sje Helga sölustjóra Jónssyni á Stokkseyri veitt prókúruumboð fyrir nefnt firma, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Kaupfjelagið Ingólfur.
Helgi Jónsson.

X. Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Fiskiveiðahlutafjelagið »Víðir« tilkynnir til firmnaskrárinnar, að það reki fiskiveiðar frá Hafnarfirði. Lögheimili þess og varnarþing er í Hafnarfirði. Lög fjelagsins eru dagsett 11. febr. 1915.

Hlutafje fjelagsins er kr. 190,000 — eitt hundrað og níutíu þúsund krónur — er skiftist í 20 hluti á kr. 9500. Hlutabrjefin hljóða á nafn, og hlutafjeð er að fullu innborgað. Í stjórn fjelagsins eru: Magnús Einarsson dýralæknir, formaður, Pjetur Halldórsson bóksali og Guðmundur Böðvarsson kaupmaður. Varamaður í stjórninni er Böðvar Böðvarsson bakari í Hafnarfirði. Prókúru hefir Þórarinn Böðvarsson kaupmaður í Hafnarfirði.

Tilkynningar til hluthafa skulu birtar brjeflega eða með símskeyti. **157**
Prókúruhafi og einhver úr stjórninni ritar firmað.

2. Douglas Howard Bookless, fiskikaupmaður hjer í bænum, tilkynnir til firmnaskrárinnar, að hann reki fiskverslun, fiskverkun og fiskiútgerð m. m. í Hafnarfirði undir firmanafninu Bookless Bros.

Hann er einn fullábyrgur eigandi firmans, og því engir samlagsmenn eða meðeigendur.

Prókúru hefir Ólafur V. Davíðsson.

Firmað ritar hann sjálfur þannig:

For Bookless Bros.
D. H. Bookless.

Prókúruhafi Ólafur V. Davíðsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Bookless Bros.
Ó. V. Davíðsson.